

Nr. 125 / 15 Brúarfoss***Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 8914568
Fánaríki: Antigua og Barbuda
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla
Úrdráttur úr leiðarbók
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfredsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. september 2015 var Brúarfoss á siglingu í Norður Atlantshafi á leið til Færeyja. Veður: SSA 9 m/sek.

Vélstjóri var að vinna við viðgerðir á frystigám á veðurþilfari þegar alda kom yfir skipið og kastaði honum utan í lúgukarm með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom að brotið hefði komið fyrirvaralaust inn á mitt skip en skipverjanum hefði fundist veðrið ekki það slæmt;
- að skipverjinn stoppaði með báðar fæturnar út fyrir rekkverkið á síðunni og hékk í rafmagnskapli á frystigámnum sem hann var að gera við;
- að vélstjórinn var einn við vinnu á veðurþilfarinu;
- að ekki voru neinar skráðar verklagsreglur um vinnu á þilfari á siglingu;
- að ekki er krafist notkunar á björgunarvestum við vinnu á þilfari á siglingu;
- að skipverjinn hafði ekki tilkynnt vakthafandi stjórnanda í brú um ferðir sínar en óskað hafði verið eftir viðgerð á gám fyrr um daginn. Samkvæmt upplýsingum frá skipstjóra var ætlast til að menn láti vita um ferðir sínar á þilfari;
- að eftir atvikið voru skipverjar minntir á reglur um ferðir út á þilfar á siglingu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á að hér hafi verið um alvarlegt atvik að ræða og í raun tilviljun að skipverjinn fór ekki fyrir borð.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að skipverjar fari að reglum og tilkynni um ferðir sínar.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin telur nauðsynlegt að skipverjar sem vinna á þilfari kaupskipa á siglingu séu ávallt með björgunarvesti.